

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
nefnasvid@althingi. is

Umsögn frá Eskimóum ferðaskrifstofu / Eskimos Iceland

Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402,146. löggjafarþing.

Eskimmóar hefur starfað við ferðaþjónustu síðastliðin 17 ár og okkar starfsemi spannar flestar hliðar ferðaþjónustunnar. Hjá okkur starfa um 16 manns í fullu starfi sem og allt að 20 leiðsögumenn í ýmsum verkefnum.

Við erum mest með okkar eigin ferðir þar sem ferðamaðurinn upplifir Ísland í okkar eigin farartækjum með leiðsögumönnum en jafnframt endurseljum við þjónustu annara ferðafyrirtækja um land allt. Við sérhæfum okkur annars vegar í að skipuleggja klæðskerasaumaðar laustnir og erum ávallt í miklum samskiptum við okkar viðskiptavini aður en þeir koma til landssins.

Við erum einnig ein helsta hvataferðafyrirtæki landssins og í þessu erindi ætla ég að mest megnis að fjalla um áhrif fyrirhugaðra Vsk breytinga á umhverfi í þessum MICE brasa.

MICE er sá hluti ferðaþjónustunnar sem felst lönd sem á annað borð leggja áherslu á ferðaþjónustu vilja draga til sín. Það er einmitt vegna þess að það er hér ferðirnar eru oft íburðamiklar og engu til sparað við að skapa góðar ferðaupplifanir. Við erum að tala um td. 4-5 daga hvataferð, vörukyningar, bílaverkefni, blaðamannakynningar, ráðstefnur og fundir svo eitthvað sé nefnt. Fjöldi ferðamanna getur verið frá undir 100 manns en stundum allt að 500 manns. Þetta eru oft dýr verkefni og okkar samkeppni er oftast við önnur Evrópulönd.

Í kringum 2009-2012 þegar krónan var veik stóðum við okkur ansi vel gagnvart örðum samkeppnislöndum og allt að helmingur tilboða endaði sem sala. Tilboðsvinnan er ansi tímafreka, enda er verið að klæðskerasauma hvert tilboð að hverjum viðskiptavini með tilgang verkefnissins í huga. Með sterkara gengi og með 11% vsk sem kom inn 2017 höfum við fundið fyrir miklum samdrætti og núna er hlutfallið í kringum 25 tilboð á móti einni sala.

Erlend fyrirtæki sem eru kaupendurnir af þessari þjónustu eru ávallt með nokkur járn í eldinum. Nú þegar samkeppnisstaða okkar gagnvart okkar helstu samkeppnislöndum hefur versnað mikið að þá snúa þau sér einfaldlega annað. Þetta er þróun sem er löngu byrjuð og frekari hækkanir ganga hreinlega ekki upp. Ég get alveg fullyrt að ef það verður farið í að bæta 12-13% vsk til viðbótar við þær hækkanir sem hafa þegar komið inn þá mun þessi hluti ferðaþjónustunnar leggjast af og það gæti tekið langan tíma í að byggja hann aftur upp fari svo að aðstæður breytist.

Þess má geta að nokkur af okkar helstu sampekknislöndum í MICE ferðaþjónustu leggja gríðarlega áherlsu á að koma þessum viðskiptum til síns heima. Til að mynda á Spáni þar sem Vsk er 10% í ferðaþjónustu hafa menn haft þanna háttinn á að þegar viðkomandi verkefni er í höndum Spánskt ferðafyrirtækis að þá getur viðkomandi viðskiptavinur fengið allan Vskinn endurgreiddan. Danir eru á svipuðum stað. Portúgal sem er einn af okkar helstu samkeppnislanda, er ekki með nema 4% Vsk og Morocco og Finland eru bæði með 10% vsk í ferðaþjónustu. – svona til að taka nokkur dæmi. Það er eimitt til þessara landa sem við finnum fyrir að eru að fá þessi arðbæru verkefni.

Það er gríðarlega mikilvægt að skilja ferðaþjónustu og ef menn ætla að fara í að skoða tekjöflun. Þetta er þetta ekki spurning um fjölda ferðamanna heldur hversu mikið stendur eftir á hvern ferðamann. Fjölgun ferðamanna hefur verið ansi mikil undanfarið en við sjáum miklar breytingar eiga sér stað á síðustu 2 árum þegar bæði gengið fór að styrkjast mikið og 11% vskurinn kom inn.

Áhrifin hafa ýmist verið á þann veg að ferðirnar hafa orðið styttri, færri dagar og ferðirnar þróðast í að vera meira og meira á suðvestur horninu. Einnig sjáum við að það er að aukast að erlendar ferðaskrifstofur koma með sína erlendu leiðsögumenn til landssins og sumir flytja inn sína eigin bílaleigubíla að rútur. Nú þess má líka geta að samkeppnishæfni innlendra ferðastrifstofa hefur versnað til muna eftir að 11% vaskurinn var lagður á því 11% af álagningunni þeirra er ekki greiddur til ríkisins. Erlendar ferðaskrifstofur hafa í auknu mæli vaxið fiskur um hrigg og ef það verður farið í að hækka Vsk í 22-23% að þá eykst þeirra samkeppnisforskot til muna enda erfitt að keppa við erlend ferðafyrirtæki sem hafa 22-23% forskot á okkur til viðbótar við að flitja inn ódýra erlenda leiðsögumenn.

Það þíðir enfaldlega við lútum lægra haldi í þessari samkeppni og ákveðinn hluti af ferðaþjónustu flyst úr landi. Það er einmitt hér sem við erum með hámenntað og vel launað starfsfólk störfum eins og vöruhonnum og þróun, sölu á marðasmál svo eitthvað sem nefnt.

Það að hækka Vsk ofan á allar þær hækkanir sem við höfum verið að glíma við er stór hættuleg ákvörðun og mun fara illa með mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu sem og ferðaþjónusutiðnaðin í heild. Það eina sem segir okkur að það hækki tekjur ríkissjóðs er að menn gera ekki ráð fyrir neinum breytingum á innkomu per ferðamann sem er í algjöru ósamræmi við það sem er að gerast einmitt síðustu 2 ár.

Með vinsemd og virðingu

Friðrik Bjarnason

Eigandi og stofnandi Eskimóar ferðaskrifstofu / Eskimos Iceland